

Verður haldinn þann 19. maí 2020 kl. 8.30 í höfuðstöðvum félagsins að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2019
Lagt er til að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé félagsins
- Önnur mál.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið agm@icelandseafood.com í síðasta lag kl. 16:00 hinn 9. maí nk.

Á framhaldsaðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins við lok dags 18. maí nk. til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Hluthafar geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd.

Þeir hluthafar sem hyggjast greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn geta nálgast atkvæðaseðla á heimasíðu félagsins. Undirritaðir, dagsettir og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið agm@icelandseafood.com að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn svo þeir teljist lögmætir.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð, undirritað, dagsett og vottað. Hægt er að senda rafræn umboð á netfangið agm@icelandseafood.com og skulu þau berast að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins;
<http://www.icelandseafood.com/Investors>